

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2102****2021/EES/37/10****frá 27. nóvember 2019****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 með tilliti til birtingu upplýsinga sem notaðar eru við útreikning á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II)⁽¹⁾, einkum 56. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 ⁽²⁾ er gerð breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 ⁽³⁾ til að taka upp frekari meginreglur um frestaðan skatt, í þeim tilgangi að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði í Sambandinu. Með tilliti til þessara breytinga ætti að aðlaga tiltekin sniðmát sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 ⁽⁴⁾.
- 2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 til samræmis við það.
- 3) Breytingarnar við framselda reglugerð (ESB) 2015/35 sem gera kröfu um birtingu upplýsinga sem notaðar eru við útreikning á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts eiga að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020. Breytingarnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru gerðar til að fella þær kröfur inn í viðkomandi sniðmát sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda frá og með sama degi.
- 4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða-efirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37.gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010⁽⁵⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 318, 10.12.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 frá 8. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2019, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjttíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1285).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 er breytt sem hér segir:

- 1) Í sniðmáti S.25.01.21 — Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota staðalregluna, er eftirfarandi töflum bætt við:

„Aðferð við skatthlutfall

		Já/Nei
		C0109
Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	R0590	

Útreikningur á tapgleygni frestaðs skatts

		Tapgleygni frestaðs skatts
		C0130 ⁴
Tapgleygni frestaðs skatts	R0640	
Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	R0650	
Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	R0660	
Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	R0670	
Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	R0680	
Hámark tapgleygni frestaðs skatts	R0690	

- 2) Í sniðmáti S.25.02.21 — Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota staðalregluna og hlutalíkan, er eftirfarandi töflum bætt við:

„Aðferð við skatthlutfall

		Já/Nei
		C0109
Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	R0590	

Útreikningur á tapgleygni frestaðs skatts

		Tapgleygni frestaðs skatts
		C0130 ⁴
Fjárhæð/mat á tapgleygni frestaðs skatts	R0640	
Fjárhæð/mat á tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	R0650	
Fjárhæð/mat á tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	R0660	
Fjárhæð/mat á tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	R0670	
Fjárhæð/mat á tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	R0680	
Fjárhæð/mat á hámarks tapgleygni frestaðs skatts	R0690	

- 3) Í sniðmáti S.25.03.21 — Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota alhliða líkan, er eftirfarandi töflum bætt við:
„Aðferð við skatthlutfall

		Já/Nei
		C0109
Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	R0590	

Útreikningur á tapgleypni frestaðs skatts

		Tapgleypni frestaðs skatts
		C0130 ^{cc}
Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts	R0640	
Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	R0650	
Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	R0660	
Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	R0670	
Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	R0680	
Fjárhæð/mat á hámarks tapgleypni frestaðs skatts	R0690	

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 er breytt sem hér segir:

- 1) Í sniðmáti „S.25.01 — Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota staðalregluna“, er eftirfarandi línum bætt við í töfluna:

„Aðferð við skatthlutfall

R0590/C0109	Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei 3 – Á ekki við þar sem tapgleygni frestaðs skatts er ekki notuð (í þessu tilviki eiga R0640 – R0690 ekki við) Sjá viðmiðunarreglur Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um tapgleygni váttryggingaskuldar og frestaðs skatts (EIOPA-BoS-14/177)(*)
-------------	------------------------------------	---

Útreikningur á leiðréttingu fyrir tapgleygni frestaðs skatts

R0640/C0130	Tapgleygni frestaðs skatts	Fjárhæð tapgleygni frestaðs skatts, eins og skilgreint er í 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð tapgleygni í þessum reit ætti að vera sú sama og gildið í reitnum R0150/C0100 í S.25.01.
R0650/C0130	Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	Fjárhæð tapgleygni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga
R0660/C0130	Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	Fjárhæð tapgleygni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni
R0670/C0130	Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	Fjárhæð tapgleygni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á næsta ár.
R0680/C0130	Tapgleygni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	Fjárhæð tapgleygni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á árin eftir næsta ár.
R0690/C0130	Hámark tapgleygni frestaðs skatts	Hámarksfjárhæð tapgleygni frestaðs skatts sem gæti verið tiltæk, áður en metið er hvort hækkunin á hreinni frestaðri skattinneign geti verið notuð fyrir leiðréttinguna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 207 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

(*) Viðmiðunarreglur EIOPA-BoS-14/177 frá 2. febrúar 2015 um tapgleygni váttryggingaskuldar og frestaðs skatts (<https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-the-loss-absorbing-capacity-of-technical-provisions-and-deferred-taxes>).“

- 2) Í þætti „S.25.02 — Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota staðalregluna og hlutalíkan“, er eftirfarandi línum bætt við í töfluna:

„Aðferð við skatthlutfall

R0590/C0109	Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei 3 – Á ekki við þar sem tapgleygni frestaðs skatts er ekki notuð (í þessu tilviki eiga R0640 – R0690 ekki við) Sjá viðmiðunarreglur Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um tapgleygni váttryggingaskuldar og frestaðs skatts (EIOPA-BoS-14/177)
-------------	------------------------------------	--

Útreikningur á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts

R0640/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð tapgleypni í þessum reit ætti að vera sú sama og gildið í reitnum R0310/C0100 í S.25.02.
R0650/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga
R0660/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni
R0670/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á næsta ár.
R0680/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á árin eftir næsta ár.
R0690/C0130	Fjárhæð/mat á hámarks tapgleypni frestaðs skatts	Hámarksfjárhæð tapgleypni frestaðs skatts sem gæti verið tiltæk, áður en metið er hvort hækkunin á hreinni frestaðri skattinneign geti verið notuð fyrir leiðréttinguna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 207 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.“

3) Í þætti „S.25.03 — Gjaldþolskrafa — fyrir samstæður sem nota alhliða líkan“, er eftirfarandi línur bætt við í töfluna:

„R0590/C0109	Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei 3 – Á ekki við þar sem tapgleypni frestaðs skatts er ekki notuð (í þessu tilviki eiga R0640 – R0690 ekki við) Sjá viðmiðunarreglur Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um tapgleypni váttryggingaskuldar og frestaðs skatts (EIOPA-BoS-14/177)
--------------	------------------------------------	--

Útreikningur á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts

R0640/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, eins og skilgreint er í 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð tapgleypni í þessum reit ætti að vera sú sama og gildið í reitnum R0310/C0100 í S.25.02.
R0650/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, eins og reiknuð er út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga
R0660/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, eins og reiknuð er út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni
R0670/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á næsta ár.

R0680/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts réttlætt með bakfæranlegu tapi, komandi ára	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á árin eftir næsta ár.
R0690/C0130	Fjárhæð/mat á hámarks tapgleypni frestaðs skatts	Hámarksfjárhæð tapgleypni frestaðs skatts sem gæti verið tiltæk, áður en metið er hvort hækkunin á hreinni frestaðri skattinneign geti verið notuð fyrir leiðréttinguna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 207 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.“